





Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.  
Please consider the environment before printing and choosing transport.

&nbsp; &nbsp;

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Netfang: [uua@uua.is](mailto:uua@uua.is)

Reykjavík, 24. febrúar 2026

## STJÓRNSÝSLUKÆRA

**Efni:** Kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 26. janúar 2026 um byggingarleyfisskyldu LED skjáa að Hafnarstræti 20 og kröfu um að slökkt verði á LED skjánum á meðan byggingarleyfi liggur ekki fyrir.

**Kærandi:** Skjálausnir ehf.

**Gagnaðili:** Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

### I. Umboð

Undirritaður lögmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, MAGNA Lögmönnum, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, [guðrun@magna.is](mailto:guðrun@magna.is), fer með mál þetta fyrir hönd Skjálausna ehf.

### II. Kröfur

Kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa í Reykjavík frá 26. janúar 2026 um byggingarleyfisskyldu LED-skilta í gluggum á Hafnarstræti 20 og um að slökkt verði á skjánum á meðan byggingarleyfi liggur ekki fyrir.

Aðalkrafa kæranda er að ofangreind ákvörðun verði felld úr gildi.

Þá er þess krafist að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

### III. Kæruheimild

Um kæruheimild vísast til 59. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

### IV. Málavextir og málsástæður

Skjálausnir ehf. er rekstraraðili rafrænna LED-skilta í gluggum á Hafnarstræti 20. Húseigandi er Vivaldi Ísland ehf., og var uppsetning skiltanna framkvæmd í samráði við og með samþykki húseiganda. Kæra þessi er send með vitund húseiganda. Kærandi sem rekstraraðili hefur lögvarða hagsmuni af úrlausn kærumálsins, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Þess skal getið að kærandi leggur ríka áherslu á gott samstarf og hefur gert frá öndverðu, en setur kröfuna, um að framangreind ákvörðun verði felld úr gildi, fram formins vegna til að gæta formlegra réttinda sinna á meðan efnisleg niðurstaða fæst um leyfisskyldu skilta innandyrna.

Félaginu barst fyrst bréf þann 17. nóvember 2025 þar sem krafa var gerð um ljósmælingu og brýnt fyrir félaginu að huga að birtustigi. Brugðist var strax við enda var og hefur verið lögð sérstök áhersla á að uppsetning skiltanna samræmdist meginmarkmiðum borgarinnar um skilti, þ.e.a.s. væru ekki íbúum til ama eða óþæginda, hefðu ekki neikvæð áhrif á umhverfi eða ásýnd, ógnuðu ekki öryggi vegfarenda o.s.frv.

Með erindi Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 10. desember 2025, óskaði borgin svo eftir áliti nefndarinnar á því hvort uppsetning auglýsingaskilta innanhúss, sem snúa að götu, sé háð byggingarleyfi samkvæmt 9. gr. laga nr. 120/2010 og 2. mgr. gr. 2.5.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 187/2025, dags. 19. desember 2025, var erindinu vísað frá, en ljóst er af málatalbúnaði borgarinnar að embættið taldi verulegan vafa leika á um túlkun reglnanna.

Með bréfi, dags. 6. janúar 2026, var húseiganda tilkynnt um að byggingarfulltrúi áformaði að krefjast þess að þinglýstur eigandi fasteignarinnar að Hafnarstræti sækti um byggingarleyfi til byggingarfulltrúans í Reykjavík fyrir LED-skjám í gluggum á jarðhæð.

Með bréfi dags. 26. janúar 2026 tilkynnti byggingarfulltrúinn í Reykjavík kæranda að LED-skjár í glugga fasteignarinnar að Hafnarstræti 20 væri byggingarleyfisskyldur og í ósamræmi við aðaluppdrætti. Gerði byggingarfulltrúi þá kröfu að sótt yrði um byggingarleyfi innan 30 daga. Samhliða því tók byggingarfulltrúi endanlega ákvörðun um að krefjast þess að slökkt yrði á skjánum þar til leyfi lægi fyrir, með vísan til 1. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki. Þá var boðuð álagning dagsekta að fjárhæð 150.000 kr. ef ekki yrði orðið við kröfum, og veittur 14 daga andmælafrestur gagnvart þeim áformum. Þeim áformum var mótmælt með andmælabréfi f.h. kæranda, dags. 9. febrúar 2026.

Umbjóðandi minn hafði áður en honum barst afrit ákvörðunarinnar frá 26. janúar sent byggingarfulltrúa tölvupóst dags. 27. janúar 2026 um afstöðu sína til álitaefnisins og vilja sinn til samstarfs. Umbjóðandi minn hafði einnig hafið undirbúning andmælabréfs vegna áforma um beitingu dagsekta. Að morgni 9. febrúar 2026 barst umbjóðanda mínum tölvupóstur frá byggingarfulltrúa í Reykjavík þess efnis að í ljósi tölvupóstsins frá 27. janúar 2026 hefði byggingarfulltrúi ákveðið að óska eftir úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (hér eftir „ÚUA“) um hvort umrædd skilti væru byggingarleyfisskyld. Á meðan málið væri í vinnslu hjá nefndinni myndi kröfum um að sótt verði um byggingarleyfi frestað og teknar aftur upp verði niðurstaða nefndarinnar sú að skiltin séu leyfisskyld.

Óskað var nánari skýringa á því hvað í þessu fælist með tölvupósti til Byggingarfulltrúa, dags. 18. febrúar 2026. Þar sem ekki er enn fyllilega ljóst af framangreindu hvort í tölvupósti byggingarfulltrúa felist afturköllun stjórnvaldsákvörðunar, dags. 26. janúar 2026, í skilningi 25. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er kæra þessi sett fram innan kærufrests.

Kærandi fagnar frumkvæði byggingarfulltrúa að leita eftir skýrari línu um réttarástandið og gerir engar athugasemdir við að beðið verði afgreiðslu þess erindis hjá nefndinni ef af verður.

Þar sem krafan um að slökkva á skjánum hefur þó ekki verið formlega afturkölluð er kæra þessi lögð fram til vonar og vara, til að tryggja réttarstöðu kæranda á meðan sameiginleg niðurstaða fæst varðandi ágreiningsefnið.

...

Byggt er á því að niðurstaða byggingafulltrúa um byggingarleyfisskyldu skilta sem staðsett eru innandyra í glugga sé í andstöðu við 9. gr. laga nr. 160/2010 og ákvæði 2.5.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Um er að ræða rafræna LED skjái staðsetta innanhúss, í gluggum, sem ekki eru festir eða byggðir við mannvirkið sjálft og hafa engin áhrif á burðarþol þess. Samkvæmt 13. tölul. 3. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er „mannvirki“ skilgreint sem „hvers konar jarðföst, manngerð smíð“. Búnaðurinn sem hér um ræðir er lausabúnaður sem stendur innandyra. Þá verður ekki talið að staðsetning lausafjarmuna innandyra geti falið í sér „breytingu á útliti“ mannvirkis sem krefst byggingarleyfis skv. 1. mgr. sbr. 5. mgr. 9. gr. laganna. Jafnvel þótt fallist yrði á að útlitinu væri breytt, væri sú breyting „óveruleg“ í skilningi 5. mgr. 9. gr. Í nefndaráliti umhverfisnefndar Alþingis við setningu laganna kemur fram að mat á því hvort breyting sé óveruleg skuli m.a. taka mið af því að hve miklu leyti framkvæmd víkur frá útliti og formi. Skjár innandyra breytir ytra byrði eða burðarvirki hússins ekki og getur því ekki kallað fram byggingarleyfisskyldu á þeim grundvelli.

Samkvæmt grein 2.5.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 kemur fram að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir „öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum“ yfir 1,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Ákvæði um byggingarleyfisskyldu ber að túlka þröngt og samkvæmt orðanna hljóðan. Hér er um að ræða innanhússbúnað sem er bersýnilega ekki staðsettur „á byggingu“ (þ.e. festur á ytra byrði hennar) og getur heldur ekki talist „frístandandi“ í skilningi ákvæðisins. Þessi stranga orðskýring á sér skýra stoð í úrskurði ÚUA í máli nr. 121/2023, þar sem skilti á biðskýli var ekki talið leyfisskylt þar sem biðskýlið var ekki „bygging“ og skiltið ekki „frístandandi“. Stjórnvöldum er óheimilt að rýmka gildissvið reglugerðarinnar þannig að hún taki til lausabúnaðar innandyra. Jafnframt má benda á 15. gr. byggingarreglugerðar sem undanþiggur minniháttar viðhald og breytingar innanhúss frá byggingarleyfi, sem undirstrikar þá meginreglu að aðgerðir innandyra sem ekki raska burðarþoli, brunavörnum eða ytra byrði séu almennt ekki leyfisskyldar.

Í þessu sambandi er einnig bent á að samkvæmt samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti er tiltekið að undanþegin ákvæðum samþykktarinnar séu auglýsingar innanhúss, líkt og hér á við.

...

Til viðbótar telur kærandi að málsmeðferð og beiting þvingunarúrræða af hálfu byggingarfulltrúa feli í sér brot á rannsóknarreglu 10. gr. og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Eins og rakið er að framan óskaði Reykjavíkurborg sjálf eftir álitni ÚUA í desember 2025 (sjá úrskurð í máli nr. 187/2025) um nákvæmlega þetta sakarefni, þ.e. hvort auglýsingaskilti innanhúss sem snúa að götu séu byggingarleyfisskyld skv. 9. gr. mannvirkjalaga og byggingarreglugerð. Með þessu hefur stjórnvaldið viðurkennt að veruleg réttaróvissa ríki um túlkun þessara ákvæða.

Að krefjast þess, á grundvelli 55. gr. laga um mannvirki, að slökkt verði tafarlaust á skjánum og hótá álagningu dagsekta, á sama tíma og stjórnvaldið sjálft er í vafa um hvort leyfisskyldan sé yfirleitt fyrir hendi, brýtur gróflega gegn meðalhófi. Vísast í þessu sambandi til sjónarmiða um beitingu dagsekta og meðalhóf í úrskurði ÚUA nr. 25/2024. Ekki hefur verið sýnt fram á að brýn öryggishætta eða aðrir ríkir almannahagsmunir krefjist svo íþyngjandi bráðabirgðaaðgerða á meðan réttaróvissunni hefur ekki verið eytt.

Kærandi lítur svo á að í öllu falli felist í tölvupósti byggingafulltrúa, dags. 9. febrúar 2026, að réttaráhrifum sé frestað en verði svo ekki talið fer kærandi fram á frestun réttaráhrifa á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011. Krafa um að slökkva á skjánum tafarlaust er verulega íþyngjandi fyrir atvinnustarfsemi kæranda og getur valdið umtalsverðu fjártjóni verði hún framkvæmd áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Með hliðsjón af því góða samstarfi sem kærandi hefur sýnt hingað til, meðal annars með því að stilla strax ljósmagn skjásins í samræmi við óskir borgarinnar, telur kærandi að engir knýjandi almannahagsmunir mæli gegn frestun réttaráhrifa á meðan málið er til lykta leitt, líkt og kærandi telur byggingafulltrúa raunar þegar hafa viðurkennt.

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og gögnum við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefndinni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Skjálousna ehf.

---

Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Ákvörðun byggingafulltrúa, dags. 26. janúar 2026.
2. Erindi byggingafulltrúa, dags. 6. janúar 2026.
3. Tölvupóstur byggingafulltrúa til kæranda, dags. 9. febrúar 2026.
4. Andmæli kæranda, dags. 9. febrúar 2026.

Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir



Undirritað af:

[REDACTED]  
Dags: 24.02.2026  
Tími: 21:51:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: dc003967-85ff-4dd8-ba84-cdcb32c5a2fa

Árið 2026, mánudaginn 13. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Unnpór Jónsson varaformaður, Halldóra Vífilsdóttir arkitekt og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. UUA2603006, erindi Reykjavíkurborgar um að úrskurðað verði hvort auglýsingaskjáið innan við glugga í húsinu að Hafnarstræti 20 séu háðir byggingarleyfi.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

1. Með erindi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. mars 2026, er barst nefndinni sama dag, lagði byggingarfulltrúinn í Reykjavík fram beiðni á grundvelli 4. mgr. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 um að úrskurðarnefndin skæri úr um hvort auglýsingaskjáið innan við glugga í húsinu að Hafnarstræti 20 væru háðir byggingarleyfi.

#### Málavextir

2. Hinn 11. nóvember 2025 sendi starfsmaður skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar Reykjavíkurborgar ábendingu til byggingarfulltrúa um mikið ljósmagn á götu frá skjáum innan við glugga í húsinu að Hafnarstræti 20, auk þess sem bent var á að gluggarnir væru nær alveg huldur umræddum skjám. Í kjölfarið sendi byggingarfulltrúi erindi, dags. 17. s.m., til eiganda fasteignarinnar, Vivaldi Ísland ehf., þar sem þess var krafist að fram færi ljósmæling á skjáunum með vísan til skilyrðis í kafla 3.3. í samþykkt um skilti í Reykjavík. Þá var upplýst um að verið væri að skoða hvort um leyfisskyld skilti væri að ræða. Með bréfi, dags. 20. s.m., tilkynnti Skjáláusnir ehf., rekstraraðili skjáanna, að búið væri að gera úrbætur þannig að þeir uppfylltu skilyrði samþykktarinnar.
3. Með bréfi byggingarfulltrúa til eiganda fasteignarinnar að Hafnarstræti 20, dags. 6. janúar 2026, var hann upplýstur um að áformað væri að krefjast þess að honum yrði gert að sækja um byggingarleyfi vegna auglýsingaskjáa í gluggum á jarðhæð fasteignarinnar. Var honum gefinn 30 daga frestur til að sækja um byggingarleyfi auk þess sem gerð var krafa um að slökkt yrði á skjáunum á meðan leyfi lægi ekki fyrir með vísan til 55. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og gr. 2.9.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarfulltrúi ítrekaði erindið með bréfi, dags. 26. s.m., þar sem samhliða var upplýst um áform um að leggja á dagsektir að upphæð kr. 150.000 fyrir hvern dag sem kynni að dragast að verða við kröfum embættisins. Var húseiganda gefinn 14 daga frestur til að koma að andmælum varðandi áform um dagsektir auk þess sem upplýst var um kærheimild til úrskurðarnefndarinnar.
4. Bréfi byggingarfulltrúa var svarað af hálfu rekstraraðila skjáanna með tölvupósti 27. janúar 2026 þar sem m.a. kom fram að hann teldi þá ekki byggingarleyfisskylda þar sem um væri að ræða frístandandi rafræna skjái staðsetta innanhúss sem hvorki væru festir né byggðir á mannvirkið sjálft. Ákvörðun og áformum byggingarfulltrúa var síðan andmælt af hálfu rekstraraðila með bréfi, dags. 9. febrúar s.á. Með tölvupósti frá starfsmanni deildar afnota og eftirlits Reykjavíkurborgar þann sama dag kom fram að byggingarfulltrúi hefði ákveðið að óska eftir

úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um hvort umræddir skjáir væru byggingarleyfisskyldir. Á meðan málið væri til vinnslu hjá úrskurðarnefndinni væri ákvörðun um að krefjast byggingarleyfisumsóknar frestað. Kæra vegna ákvörðunar byggingarfulltrúa frá 26. janúar s.á. barst úrskurðarnefndinni 24. febrúar s.á., sbr. kærumál nr. UUA2602028 sem bíður úrlausnar nefndarinnar. Beiðni um álit úrskurðarnefndarinnar um hvort umræddir skjáir væru háðir byggingarleyfi barst nefndinni sem fyrr greinir 12. mars 2026.

### **Sjónarmið Reykjavíkurborgar**

5. Af hálfu Reykjavíkurborgar er bent á að byggingarleyfisskyldar framkvæmdir geti átt sér stað jafnt innanhúss sem og utan á húsi og að líta verði til markmiða þeirra ákvæða sem við eigi og laga nr. 160/2020 um mannvirki í heild þegar metið sé hvort um byggingarleyfisskylda framkvæmd sé að ræða. Þau markmið séu m.a. að vernda líf og heilsu, eignir og umhverfi og tryggja öryggi og vernd umhverfis, sbr. 1. gr. laganna.
6. Skilti falli undir mannvirkjalög, sbr. 1. og 2. gr. þeirra laga, og séu stór skilti byggingarleyfisskyld skv. 13. tl. 1. mgr. 3. gr. Nánar sé kveðið á um staðsetningu, gerð og frágang auk byggingarleyfisskyldu skilta í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sbr. 8. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna. Samkvæmt gr. 2.5.1. reglugerðarinnar skuli sækja um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem séu yfir 1,5 m<sup>2</sup> að stærð. Þá skuli stærð og staðsetning þeirra vera í samræmi við gildandi skipulag.
7. Í gildandi samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti, sem sett sé á grundvelli og í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, komi m.a. fram í gr. 1.2. að markmið samþykktarinnar séu að skilti séu ekki til ama eða óþæginda fyrir íbúa eða hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða ásýnd sem og að fjöldi skilta, gerð þeirra, uppsetning og staðsetning verði ekki þannig að þau ógni öryggi vegfarenda. Í gr. 2.5.2. byggingarreglugerðar sé einnig að finna kröfu um að tryggja skuli við gerð og uppsetningu skilta að almenningi stafi ekki hætta af þeim. Þá sé óheimilt að setja upp spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð, nema með leyfi veghaldara skv. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
8. Hinum umþrættu skiltum sé beint að umferð á gatnamótum, auk þess sem áhrifa þeirra sé verulega vart þegar gengið sé niður Hverfisgötu til móts við Lækjargötu, bæði vegna stærðar þeirra og þar sem um stafræn hreyfimyndaskilti sé að ræða. Ekki sé hægt að greina á milli umhverfisáhrifa vegna stafrænna ljósaskilta eftir því hvort þau séu staðsett innan glugga eða utan á mannvirki. Hvoru tveggja ætti að falla undir gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar þar sem áhrif á umhverfi séu þau sömu. Þá sé ljóst að sama hætta stafi af slíkum skiltum fyrir umferð eins og af sambærilegum skiltum utan á mannvirkjum, enda sé þeim beint að vegfarendum og, í sumum tilvikum, umferðargötum.

### **Sjónarmið rekstraraðila**

9. Rekstraraðili auglýsingaskjána í húsinu að Hafnarstræti 20 vísar til þess að um sé að ræða rafræna LED-skjái staðsetta innanhúss í gluggum. Skjáirnir séu ekki festir eða byggðir við mannvirkið sjálft og hafi engin áhrif á burðarþol þess. Samkvæmt 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010 sé mannvirki skilgreint sem „hvers konar jarðföst, manngerð smíð.“ Umræddur búnaður sé lausabúnaður sem standi innandyrá og sé hvorki varanlega skeyttur við jörð né mannvirkið. Hlutir sem ekki séu varanlega skeyttir við jörðu teljist almennt lausafé en ekki mannvirki.
10. Staðsetning lausafjármuna innandyrá geti ekki falið í sér „breytingu á útliti“ mannvirkis sem krefjist byggingarleyfis skv. 1. og 5. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010. Jafnvel þótt fallist yrði á að

útlitinu væri breytt væri sú breyting óveruleg í skilningi 5. mgr. 9. gr. laganna. Í nefndaráliti umhverfisnefndar Alþingis, við setningu greindra laga, hafi verið bent á að við mat á því hvort breyting teldist óveruleg skyldi líta til hliðstæðra ákvæða skipulagslaga um að hve miklu leyti framkvæmd viki frá notkun, útliti og formi. Skjár innandyra sem breyti ytra byrði eða burðarvirki hússins ekki geti því ekki kallað fram byggingarleyfisskyldu á þeim grundvelli.

11. Gildissvið byggingarlöggjafar verði að eiga skýrlega við þegar íhlutandi ákvörðunum sé beitt. Ef vafi leiki á hvort lögin taki til tiltekinnar framkvæmdar eigi það að leiða til þess að þau gildi ekki um hana. Ekki sé unnt að beita rýmkaði lögskýringu og því geti gildissvið byggingarlöggjafar ekki talist svo skýrt að það réttlæti afskipti af hálfu byggingarfulltrúa og byggingarleyfisskyldu.
12. Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 komi fram að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir „öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum“ yfir 1,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Ákvæði um byggingarleyfisskyldu beri að túlka þröngt og samkvæmt orðanna hljóðan. Um sé að ræða innanhússbúnað sem sé bersýnilega ekki staðsettur „á byggingu“, þ.e. festur á ytra byrði hennar, og geti heldur ekki talist frístandandi í skilningi ákvæðisins. Þessi orðskýring eigi sér stoð í úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 121/2023 þar sem skilti á biðskýli hafi ekki verið talið leyfisskylt þar sem biðskýlið taldist ekki „bygging“ og skiltið ekki „frístandandi“. Stjórnvöldum sé óheimilt að rýmka gildissvið reglugerðarinnar þannig að hún taki til lausabúnaðar innandyra. Einnig sé bent á að byggingarreglugerðin undanþiggi minniháttar viðhald og breytingar innanhúss frá byggingarleyfi, sem undirstriki þá meginreglu að aðgerðir innandyra, sem ekki raski burðarþoli, brunavörnum eða ytra byrði, séu almennt ekki leyfisskyldar.
13. Þá sé í samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti einnig tiltekið að undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar séu auglýsingar innanhúss, líkt og um ræði í máli þessu.

### Niðurstaða

14. Í máli þessu er tekið fyrir erindi byggingarfulltrúans í Reykjavík um að úrskurðarnefndin skeri úr um hvort auglýsingaskjái innan við glugga Hafnarstrætis 20 séu háðir byggingarleyfi. Er erindið lagt fram með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sem kveður á um að ef vafi leiki á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða falli undir 2. eða 3. mgr. ákvæðisins skuli leita niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.
15. Um gildissvið laga um mannvirki er fjallað í 2. gr. og segir þar í 1. mgr. að lögin gildi um öll mannvirki og alla mannvirkjaþætti. Þá segir að lögin gildi einnig um skilti auk annarra þar til greindra atriða. Hugtakið mannvirki er skilgreint í 13. tl. 3. gr. laganna sem hvers konar jarðföst, manngerð smíð og eru „stór skilti“ meðal annars talin upp í dæmaskyni. Þá segir í 8. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna að í reglugerð skuli m.a. vera ákvæði um staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skuli háð byggingarleyfi.
16. Í samræmi við framangreint er í 2. mgr. gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 kveðið á um að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Undanþegin eru þó skilti allt að 2,0 m<sup>2</sup> að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur sem og skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga. Samkvæmt framangreindu eru skilti því einungis háð byggingarleyfi þegar þau eru annað hvort frístandandi eða á byggingum.
17. Hugtakið „frístandandi skilti“ er ekki skilgreint nánar í byggingarreglugerð en með hliðsjón af fyrrgreindri skilgreiningu í 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010 verður að leggja til grundvallar að

frístandandi skilti séu skilti utandyra sem eru jarðföst manngerð smíð. Fyrir liggur að hinir umdeildu skjáir teljast til lausabúnaðar sem staðsettir eru innandyra og geta því ekki talist frístandandi skilti í skilningi 2. mgr. gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar.

18. Orðalagið „skilti á byggingum“ í téðu reglugerðarákvæði verður í samræmi við almennan mál-skilning túlkað á þann veg að það eigi við um skilti sem eru fest á ytri hluta mannvirkis. Hinir umdeildu skjáir eru ekki fastir við mannvirkid heldur standa þeir sem fyrr greinir innan við glugga þess og teljast þar með ekki vera skilti á byggingum. Þótt áhrif stafrænna ljósaskilta eða LED-skjáa geti verið engu minni en skilta utan á byggingum er ekki að finna ákvæði um leyfisskyldu slíkra skilta í byggingarreglugerð.
19. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það álit úrskurðarnefndarinnar að auglýsinga-skjáir í gluggum hússins að Hafnarstræti 20 falli ekki undir ákvæði 2. mgr. gr. 2.5.1. byggingar-reglugerðar um byggingarleyfisskyldu. Eru þeir því ekki háðir byggingarleyfi skv. 9. gr. laga nr. 160/2010.
20. Ráða má af álitsbeiðni Reykjavíkurborgar að afstaða borgarinnar um að auglýsingaskjárnir væru byggingarleyfisskyldir hafi byggst m.a. á sjónarmiðum um umferðaröryggi, sbr. gr. 2.5.2. byggingarreglugerðar um öryggiskröfur skilta þar sem m.a. segir að tryggja skuli við gerð og uppsetningu skilta að almenningi stafi ekki hættu af þeim og að þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Slík sjónarmið eru málefnaleg en fá ekki hnekkt þeirri niðurstöðu nefndarinnar að umræddir skjáir teljast ekki byggingarleyfisskyldir. Að því sögðu bendir úrskurðarnefndin á að í 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambæri-legan búnað megi eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari geti synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telji hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja megi hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmi vegsýn eða sé til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferð. Jafnframt er bent á að finna má ákvæði um fjarlægð mannvirkja, þ. á m. auglýsingaspjalda, frá vegum í 32. gr. vegalaga nr. 80/2007.

### Úrskurðarorð

Auglýsingaskjáir innan við glugga í húsinu að Hafnarstræti 20 í Reykjavík eru ekki háðir byggingarleyfi samkvæmt 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

---

Unnþór Jónsson (sign)

---

Halldóra Vífilsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)